

**346. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn þriðjudaginn 30. janúar 2024 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.****Mættir:**

Júníana Björg Óttarsdóttir  
Auður Kjartansdóttir  
Fríða Sveinsdóttir  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari


Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn og gesti velkomna á fundinn. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.


**Dagskrá:**

- 1) Pakkhúsið í Ólafsvík.**  
Á fundinn mættu Ingunn Ýr Angantýsdóttir, Helga Jóhannsdóttir, Jóhannes Stefánsson og Heimir Berg fyrir hönd menningarnefndar Snæfellsbæjar til að ræða málefni Pakkhússins. Voru þau boðin velkomin.  
Umræða skapaðist um framtíðarsýn Pakkhússins og önnur menningartengd viðfangsefni.  
Var Ingunni, Helgu, Jóhannesi og Heimi þökkun koman og viku þau nú af fundi.
- 2) Opnunarskýrsla Ríkiskaupa vegna sorphirðu í Snæfellsbæ og Grundarfjarðarbæ.**  
Bæjarstjóri fór yfir málið.
- 3) Bréf frá Bjarna Sigurbjörnssyni, dags. 22. janúar 2024, varðandi umsókn um styrk.**  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að styrkja framtakið um kr. 500.000.-
- 4) Bréf frá leikskólastjóra varðandi ósk um forgangsstöðun fjármuna í fjárhagsáætlun 2024.**  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að fresta erindinu og bjóða leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra á næsta bæjarráðsfund til að ræða málin.
- 5) Bréf frá leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra, dags. 9. janúar 2024, varðandi ósk um nýtt stöðugildi við leikskólann.**  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að fresta erindinu og bjóða leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra á næsta bæjarráðsfund til að ræða málin.
- 6) Umsókn frá Ingu Fanneyju Jónasdóttur, dags. 9. janúar 2024, um að fá að halda köttinn Prins Tari.**  
Bæjarráð samþykkti umsóknina samhljóða.
- 7) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 22. janúar 2024, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Hvítra Máva ehf., um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, tegund C-minna gistiheimili, að Skólbraut 1 á Hellissandi, Snæfellsbæ.**  
Umrætt hús stendur inni í íbúðagötu þar sem er skilgreint íbúðasvæði skv. aðalskipulagi. Gistiheimili á þessum stað myndi valda miklum óþægindum fyrir íbúa og því getur bæjarráð ekki heimilað slíkt, enda er viðkomandi eign íbúðarhúsnæði en ekki atvinnuhúsnæði skv. aðalskipulagi. Bæjarráð samþykkti samhljóða að hafna fyrir sitt leyti umsókn um leyfi til reksturs gistiheimilis að Skólbraut 1 á Hellissandi, Snæfellsbæ.
- 8) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 22. janúar 2024, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Nónhúss ehf., um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, tegund H-Frístundahús, að Nónhól á Arnarstapa, Snæfellsbæ.**  
Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Nónhóls ehf., um leyfi til að reka gististað í flokki II, tegund H-frístundahús að Nónhól á Arnarstapa, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.


- 9) **Bréf frá Persónuvernd, dags. 11. janúar 2024, varðandi ákvarðanir Persónuverndar um notkun Google Workspace for Education í grunnskólastarfi.**  
Lagt fram til kynningar.
- 10) **Bréf frá Innviðaráðuneytinu, dags. 9. janúar 2024, varðandi Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.**  
Lagt fram til kynningar.
- 11) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 20. desember 2023, varðandi afskriftarbeiðnir.**  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að veita heimild til að afskrifa framlagðar afskriftarbeiðnir nr. 202309271304017, 202311281218196, 202311281220275, 202311281235584, 202311281240245 og 202311291532434.
- 12) **Minnispunktur bæjarstjóra.**  
a) Bæjarstjóri fór yfir vatnsmál.  
b) Bæjarstjóri sagði frá því að fimmtudaginn 1. febrúar verði vígt hús Félags eldri borgara í Snæfellsbæ við Ólafsbraut 23.  
c) Bæjarstjóri ræddi starfsmannamál.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:42

  
Jónína Björg Óttarsdóttir

  
Auður Kjartansdóttir

  
Friða Sveinsdóttir

  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari